



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS
(The Icelandic Midwives' Association)

Alþingi Stofnað árið 1919

Erindi nr. P 139/2057

komudagur 20.4.2011

Til Nefndasviðs Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 15. apríl 2011

Efni: Umsögn og athugasemdir um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 575. mál.

Ljósmaðrafélagi Íslands (LMFÍ) hefur einhverra hluta vegna ekki borist beiðni um umsögn í tveimur mikilvægum málefnum sem hafa verið til umræðu hjá nefndum Alþingis, nú síðast frumvarp til laga um staðgöngumæðrun og svo þetta sem félagið veitir hér umsögn um þótt frestur hafi runnið út þann 4. apríl. LMFÍ gerir athugasemdir við frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn öðru sinni. Félagið harmar að ekki hafi verið tekið tillit til athugasemda félagsins frá 19. janúar 2009 í því frumvarpi sem nú er lagt fram.

Ljósmaðrafélag Íslands vísar í fyrri umsögn sína þar sem gerðar voru athugasemdir við einstaka greinar þess frumvarps sem þá lá fyrir og er í aðalatriðum óbreytt því frumvarpi sem nú er lagt fram af Velferðarráðuneytinu um lög um heilbrigðisstarfsmenn. Auk þeirra gerir félagið athugasemdir við eftirfarandi greinar:

- Í 3. gr. eru *tilgreindar löggiltar heilbrigðisstéttir*. LMFÍ tekur undir þær tillögur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, dagsett þann 3. apríl 2011 þars sem lagt er til að heilbrigðisstéttum verði skipt í tvo hópa eftir menntun og því hvort þær komi beint að þjónustu við sjúklinga. LMFÍ tekur jafnframt undir tillögur sem komu fram í umsögn Sigurðar Guðmundssonar, forseta heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, dagsett þann 9. júlí 2009. Þar leggur hann til að heilbrigðisstéttum verði skipt í tvo hópa; annars vegar þær stéttir sem bera beina ábyrgð á sjúklingum og fá þá löggildingu og hins vegar stéttir sem verða viðurkenndar heilbrigðisstéttir og bera ekki beina ábyrgð á sjúklingum.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS
(The Icelandic Midwives' Association)
Stofnað árið 1919

- Í 13. gr. sem fjallar um *faglegar kröfur og ábyrgð*, þriðju málsgrein kemur fram að læknir beri ábyrgð á læknisfræðilegri meðferð og er það eina starfsstéttin sem tilgreind er sérstaklega. LMFÍ telur þetta stangast á við heildarhugmynd um sameiginleg lög fyrir alla heilbrigðisstarfsmenn. LMFÍ leggur til að orðalagi verði breytt til fyrra horfs, en bæta inn eftirfarandi feitletrun: „Heilbrigðisstarfsmaður ber, eftir því sem við á, ábyrgð á greiningu og meðferð sjúklinga sem til hans leita **eins og reglugerðir löggiltra heilbrigðisstarfsmanna kveða á um**“. Vísu þarf til reglugerða sem útlistar starfssvið hverrar löggiltrar heilbrigðisstéttar fyrir sig eins og félagið hefur lagt áherslu á. Faglegar kröfur og ábyrgð grundvallast af námi og starfssviði hverrar stéttar. Með þessu móti væri tryggt að einni stétt yrði ekki gert hærra undir höfði en öðrum innan laganna.

Virðingarfyllst,

f.h. Ljósmaðrafélags Íslands

Helga Sigurðardóttir, varaformaður



Heilbrigðisráðuneytið
Vegmúla 3
150 Reykjavík

Reykjavík 19. janúar 2009

Efni: Umsögn og athugasemdir um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn

Ljósmaðrafélag Íslands hefur fengið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um heilbrigðisstarfsmenn og gerir við þau eftirfarandi athugasemdir.

2. gr. 4.mgr.

Heilbrigðisþjónusta: Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúspjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjapjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina og meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.

Í þessari grein vantar að geta ljósmaðraþjónustu sem er viðamikill þáttur í heilbrigðisþjónustu og fellur ekki undir hjúkrun eða aðra þá upptalningu sem þarna er. Starfandi eru ljósmaður sem ekki eru hjúkrunarfræðingar auk þess gera fyrirhugaðar breytingar á ljósmóðurnámi hér á landi, ráð fyrir að hjúkrunarfræði verði ekki undanfari ljósmóðurfræði. Ljósmaðrafélag Íslands leggur því til eftirfarandi breiðletraðar breytingar:

2. gr. 4.mgr.

Heilbrigðisþjónusta: Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúspjónusta, ljósmæðraþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjapjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina og meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.

Í 4. gr. frumvarpsins er getið um sérfræðileyfi innan löggiltrar heilbrigðisstéttar.

Það eru eindregin tilmæli Ljósmaðrafélags Íslands að sett verði reglugerð varðandi sérfræðileyfi í ljósmóðurfræðum.

Í 6.gr. frumvarpsins er getið um sérfræðiráð

Það eru eindregin tilmæli Ljósmaðrafélags Íslands að sett verði í reglugerð ákvæði varðandi sérfræðiráð ljósmæðra, **Ljósmæðraráð**, er fjallar um sérfræðileyfi, starfsleyfi, og menntunarskilyrði ljósmæðra, byggt á hefð og nógildandi lögum.

Í 9.gr. frumvarpsins er getið um lögverndað starfssvið löggiltrar heilbrigðisstéttar án þess að útskýring sé á lögvernduðu starfssviði hvernar heilbrigðisstéttar. Ljósmaðrafélag Íslands telur það afar brýnt að í reglugerð sé kveðið á um lögverndað starfssvið hvernar löggiltrar heilbrigðisstéttar eins og hefð er fyrir og þess sé getið í lögnum að reglugerð útlisti starfssviðin.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Í 10.gr. er minnst á grein heilbrigðisfræða án nánari skilgreiningar.

Í 14. gr. er getið um undanþágu frá starfsskyldu. Að mati Ljósmaðrafélags Íslands vantar þarna tengingu við 22. gr um skyldu til að veita hjálp í skyndilegum og alvarlegum sjúkdóms- eða slysatilfellum og að sú neyðarskylda vegi þyngra en trúarleg og siðferðileg viðhorf heilbrigðisstarfsmanns.

Í heildina litið vantar, að mati Ljósmaðrafélagsins, tilvísun í reglugerð er útlistar starfssvið löggiltra heilbrigðisstétta.

Það eru eindregin tilmæli Ljósmaðrafélags Íslands að settar verði reglugerðir varðandi starfssvið ljósmæðra (sbr. 9. gr.), sérfræðileyfi í ljósmóðurfærðum (sbr 4.gr) og að í reglugerð verði kveðið á um sérfræðiráð ljósmæðra (sbr. 6.gr.), Ljósmaðraráð, sem byggt er á hefð og eldri lögum.

Virðingarfyllt,

f.h. Ljósmaðrafélags Íslands

Guðlaug Einarsdóttir, formaður